

AUGLÝSING

um gildistöku deiliskipulags í Grindavíkurbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag *Vatnsskarðsnámu* ásamt umhverfisskýrslu. (Sjá auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 711/2011).

Svartsengi. Deiliskipulag á athafnasvæði og reit undir þjónustustofnanir ásamt umhverfisskýrslu. (Sjá auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 557/2012).

Deiliskipulag *Bláa lónsins*. Breyting vegna affallsvökva frá Bláa lóninu ásamt umhverfisskýrslu. (Sjá auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 557/2012).

Deiliskipulag *Bláa lónsins*. Verslunar- og þjónustusvæði við Bláa lónið, breyting á deiliskipulagi. (Sjá auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 867/2012).

Samsvarandi deiliskipulagsáætlanir hafa áður verið auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda. Þær deiliskipulagsáætlanir eru ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu bæjarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið meðferð skv. skipulagslögum og taka þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar, 27. maí 2013,

Ingvar Þ. Gunnlaugsson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2013